

**Nd.**

### **181. Fyrirspurn**

til atvinnuáráðherra um viðskipti við setuliðið.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

Vegna yfirlýsingar hæstv. atvinnuáráðherra í lok þingfundar sameinaðs Alþingis 13. þ. m. um sölu á mjólk til setuliðsins, þar sem hann lýsti yfir því, að stjórn setuliðsins vildi ekki og hefði aldrei viljað kaupa mjólk nema það, sem umfram væri þarfir landsmanna sjálfra, þá vil ég leyfa mér að bera fram eftirfarandi fyrirspurnir til ráðherrans í því sambandi:

1. Hefur hæstv. ráðherra ekki áður verið kunnugt um, að setuliðið hafi sett einhver skilyrði um, að það fengi að halda einhverju mjólkurmagni, ef kaupum yrði haldið áfram frá þess hendi
2. Hefur ráðherrann orðið þess var, að slík skilaboð af hersins hálfu hafi fylgt pöntunum hans á mjólk handa sjúkrahúsum sínum, að hann vildi hana ekki til þeirra, nema hún væri afgangsbörfum landsmanna? Og er það tilætlun ríkisstjórnarinnar að hætta að láta þessi sjúkrahús hersins fá mjólk framvegis?
3. Ef sala á mjólk til setuliðsins verður með öllu felld niður þær fáu vikur, sem einhver skortur er á henni hér í bænum, ætlar ríkisstjórnin þá að tryggja það, að slík viðskipti hefjist aftur á sama mælikvarða og nú, er afgangsmjólk verður fyrir hendi til þess? Og ætlar hún að tryggja það, að framleiðendur bíði ekkert fjárhagslegt tjón við slíkar ráðstafanir?
4. Hafa sams konar skilaboð komið frá herstjórninni um það, að hún vilji ekki vatn, rafmagn né vinnu, annað en það, sem afgangur er hjá landsmönnum sjálfum?